

GJALDSKRÁ

Löggildingarstofu fyrir löggildingargjald frá prófunarstofum.

1. gr.

Löggildingargjald.

Prófunarstofa skal greiða löggildingargjald til Löggildingarstofu fyrir hverja löggildinguna sem hún framkvæmir eins og kveðið er á um í i)-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 353/1997 um starfshætti þeirra sem annast löggildingar í umboði Löggildingarstofu.

2. gr.

Vogarbúnaður.

11	Vogir í nákvæmnisflokkum III og IV		Kr. án vsk.
11.1	Max <=	30 kg	1.282
11.2	30 kg < Max <=	200 kg	1.705
11.3	200 kg < Max <=	500 kg	2.132
11.4	500 kg < Max <=	2000 kg	3.624
11.5	2000 kg < Max <=	5000 kg	4.902
12	Vogir í nákvæmnisflokki II		
12.1	Max <=	30 kg	2.026
13	Brautarvogir fyrir sláturhús		
13.1	Max <=	200 kg	4.796
13.2	200 kg < Max <=	500 kg	5.649
14	Bílavogir		
14.1	Max <=	100 t	25.375
15	Sjálfvirkur vogarbúnaður		
15.1	Samfelldar vogir	5.085	
15.2	Ósamfelldar	<= 1000 kg	5.329

3. gr.

Rennslismælar.

21	Mælibúnaður fyrir eldsneyti, olíur og mjólk		
21.1	Qmax <=	100 l/mín	1.990
21.2	100 < Qmax <=	800 l/mín	2.026
21.3	800 < Qmax <=	2000 l/mín	3.092
21.4	2000 < Qmax <=	3000 l/mín	4.157

4. gr.

Annað.

31	Vínmælar		
31.1	Vínkammtarar 3 sl eða 6 sl		321
32	Reislur		
32.1	Reislur, Max <= 20 kg		345
33	Aðrar löggildingar		
33.1	Aðrar löggildingar. Gjald í samræmi við vinnuframlag Löggildingarstofu og með hliðsjón af framangreindum upphæðum.		

5. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 18. gr. laga nr. 100 frá 16. desember 1992 um vog, mál og faggildingu og sbr. i)-lið 1. mgr. 7. gr. rg. nr. 353/1997 um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Viðskiptaráðuneytinu, 28. apríl 1998.

F. h. r.

Atli Freyr Guðmundsson.

Páll Gunnar Pálsson.
AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 453/1988, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „9 bæjarfulltrúum“ í 1. gr. samþykktarinnar kemur: 7 bæjarfulltrúum.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur sett samkvæmt 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi þannig að kjörnir verði sjö fulltrúar í bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar í sveitarstjórnarkosningunum 23. maí 1998.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. apríl 1998.

F. h. r.

Sturlaugur Tómasson.

Sesselja Árnadóttir.
SAMYKKT

um hesthúsahverfi í Egilsstaðabæ.

1. gr.

Hesthúsum skal vel við haldið m.a. hvað varðar málningu. Vanda skal til frágangs á heybirgðum og þær geymdar á þar til ætluðum stöðum.

2. gr.

Umhverfi hesthúsa skal halda þrífalegu og frágangur lóðar skal vera snyrtilegur. Gerði skulu malborin og girt vönduðum girðingum og skulu þær þannig gerðar að slyshætta verði eins lítil og auðið er. Á hesthúsalóðum er óheimilt að geyma bifreiðar, dráttarvélar, heyyvinnslutæki, byggingaefni og aðra lausamuni nema á skipulögðum geymslusvæðum.